

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 7. mars 2019  
UST201902-296/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir Strútsskála – Rangárþingi ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Strútsskála í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu sem er 0,8 ha að stærð er gert ráð yfir núverndi gistiskála sem er 55 m<sup>2</sup> (heimilt er að stækka núverndi gistiskála um allt að 45 m<sup>2</sup>) ásamt 14 m<sup>2</sup> skála undir geymslu (heimilt er að stækka geymsluskúr í 25 m<sup>2</sup>). Einnig gerir tillagan ráð fyrir nýju 45 m<sup>2</sup> skálavarðahúsi sem má vera allt að 50 m<sup>2</sup>. Auk þess kemur fram að hámarks byggingamagn lóðar er 200 m<sup>2</sup>.

### **Skálavarðarhús**

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 1.3 er villa en þar segir að helstu áherslur deiliskipulagsins sé m.a að bæta aðstöðu landvarðar og reisa landvarðaskála, en þar á að standa skálavarðar og reisa á skálavarðarhús sem er ekki það sama og landvarðaskáli.

### **Náttúrminjaskrá – Friðland að Fjallabaki**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Emstrur og Fjallabak og er númer 761 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem stórbrotnu og fjölbreyttu landslagi, sem vinsælu útisvistarsvæði og æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þetta komi fram í greinargerð tillögunnar.

### **Heimsmínjalisti UNESCO**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í forsendum skipulagstillögunnar að Torfajökulssvæðið er á tillögulista ríkisstjórnarinnar um svæði á heimsmínjalista UNESCO. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið segir í rökstuðningi sínum að landslag Torfajökulssvæðisins sé einstakt hvað varðar fegurð frá náttúrunnar hendi, og að hin

fjölbreytilegu svæði hafi orðið til vegna eldvirkni, jarðhita, jökla og árframburðar. Það er mjög mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að ekki sé gengið á þær auðlindir sem örefaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag eru.

### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að helstu áherslur deiliskipulagstillögunnar er að bæta þjónustu á hálendinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, stærð skála, stærð tjaldstæðis, fjölda gistiplássna og umfang göngustíga.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í deiliskipulagstillögunni hve mörg gistirými eru nú þegar til staðar í gistiskálanum og hversu mörg gistipláss er gert ráð fyrir með mögulegri stækkun gistiskála.

Í greinargerð kemur fram að skálinn sé áningarstaður á gönguleiðum í Hólmsárbotna og á Torfajökul og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram á hvaða hátt mun aukin þjónusta hafa áhrif á fjölda ferðamanna sem mun heimsækja svæðið og hvort sú aukning muni hafa áhrif á þolmörk svæðisins.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur